

Stofnanasamningur milli Sunnuhlíðar og SFR
(skv. 11. kafla í kjarasamningi SFR og SFH, 9. september 2005).

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Sunnuhlíð.

2. Starfaflokkar

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi starfaflokkum hjá félagsmönnum SFR-stéttarfélagi í almannaþjónustu.

2.1. Grunnröðun

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í ramma í samræmi við það. Eftirfarandi launarammar/launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvern starfaflokk:

Eftirfarandi störfum er raðað í launaramma A

Háskólanemi 30 einingar	A03
60 einingar	A06
90 einingar	A09
120 einingar	A12
Leiðbeinandi	A09

Eftirfarandi störfum er raðað í launaramma B

Matreiðslumaður	B08
Læknafulltrúi	B06
Umsjónarmaður	B08

Eftirfarandi störfum er raðað í launaramma C

Bókari	C05
Launafulltrúi	C05
Matreiðslumeistari	C05

Eftirfarandi störfum er raðað í launaramma D

Deildarstjóri	D01
---------------	-----

Við flutning milli ramma skal starfsmaður aldrei ráðast neðar í launatöflu 1.1.1 í kjarasamningi aðila en hann var fyrir flutninginn.

2.2. Staðgenglar

Við það skal miða að formlegir staðgenglar yfirmanna (aðaldeildarstjóra, forstöðumanna/skrifstofustjóra) raðist a.m.k. tveimur launaflokkum hærra en ella. Um önnur atriði varðandi staðgengla gilda ákvæði í kjarasamningi aðila.

3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

3.1. Starfsreynsla

Starfsmaður, sem er í starfi sem raðast í launaramma A, B og C, sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni, skal hækka um launaflokka sem hér segir. Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin til starfsreynslu hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti:

- starfsmaður með eins árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður með þriggja ára starfsreynslu skal hækka um 2 launaflokka

3.2. Menntun

Starfsmaður, sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- starfsmaður, sem hefur lokið eins til tveggja vetra námi, skal hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður, sem hefur lokið þriggja vetra námi, skal hækka um 2 launaflokka

3.3. Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 2 launaflokka
- starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 3 launaflokka

Starfsmenntun/námskeið, sem starfsmaður hefur aflað sér sl. 3 ár, skal metin á sama hátt.

3.4. Annað

a) Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfsstöð
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi

- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

b) Leggja skal fram í samstarfsnefnd skrifleg rök þar sem kemur fram hvaða forsendur er verið að taka tillit til.

c) Heimilt er að semja við starfsmenn um að fastar greiðslur, sem eru ekki hluti af grunnlaunum, séu metnar sem viðbótarforsendur til hækkunar í launaflokka.

d) Starfsmenn skulu eiga rétt á starfsmannaviðtali/launaviðtali fyrir 1. apríl á hverju ári. Viðtalið er liður í starfsþróunaráætlun stofnunarinnar gagnvart hverjum starfsmanni fyrir sig. Í áætluninni skal m.a. koma fram:

- Mat á launum starfsmanns með tilliti til forsendna í a) lið 3.4 gr.
- Möguleikar starfsmanns á símenntun og áætlun um það
- Umsögn um stöðu starfsmanns gagnvart starfi sínu

5. Endurskoðun og gildistími

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og SFH. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það. Samningurinn gildir frá og með 1. febrúar 2005.

Reykjavík, 9. september 2005

F.h. SFR- stéttarfélag í almannajónustu

F.h. Sunnuhlíðar

Bókun

Aðilar eru sammála um að í stað þess að hækka einstaka hópa um 1,50% þann 1. febrúar 2005 og endurskoða stofnanasamninginn þann 1. maí 2006 og 1. maí 2007, eins og kveðið er á um í kjarasamningi milli SFR og SFH, þá hækki grunnröðun starfsheita þann 1. febrúar 2005, 1. maí 2006 og 1. maí 2007 um einn launaflokk í hvert skipti.